

78. fundur

Hafnarstjórn hélt fund þriðjudaginn 19. Apríl 2016 kl.18:00 í ráðhúsinu.

Mættir voru undirritaðir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Rekstur hafnarsjóðs árið 2015 og það sem af er 2016
Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðunni. Aukning var á tekjum og afkoman betri en áætlað var. Þakkaði hann hafnarverði fyrir árvekni í rekstri. Rekstrartekjur voru tæpar 52 mkr. Sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Rekstrargjöld voru 28,5 mkr., hagnaður ársins var um 14 mkr. Á móti 6,2 mkr. Á fyrra ári.
Hafnarvörður fór nánar yfir þau atriði sem leiða til þessarar jákvæðu niðurstöðu.
2. Stöðuleysi fyrir ljúfmetismarkað og leyfi fyrir söluvagna á svæðinu.
Samþykkt að veita stöðuleysi vegna Stykkishólms bitter, laugardaginn 14. Maí.
3. Deiliskipulag hafnarsvæði.
Hafnarstjóri fór yfir og greindi frá deiliskipulagsvinnunni. Lagði einnig fram drög að skipulaginu eins og það lítur nú út í vinnsluferlinu. Alex Páll Ólafsson lagði fram skriflega tillögu um skipulagsbreytingu í Stykkishólms höfn sem snýr að því að fjarlægja garðinn á Árnasteinunum og setja þar niður flotbryggju. Hafnarstjóri lagði til að tillagan fari til meðferðar í deiliskipulagsvinnunni og var það samþykkt.
4. Helstu framkvæmdaverkefni Stykkishólms hafnar sem koma þarf fram á samgönguáætlun.
Hafnarstjóri fór yfir fyrirhuguð verkefni árána 2017-2021:
 - a. Skipavíkurhöfn: viðlegukantur v/flutningaskipa
 - b. Stykkishöfn: viðlegukantur vegna fiskiskipa og skemmtiferðaskipa
 - c. Stykkishöfn: smábátaaðstaða vestan við StykkiðÞessi verkefni verða kostnaðarmetin og í framhaldinu unnið að því að koma þeim á samgönguáætlun.
5. Móttaka skemmtiferðaskipa og samstarf innan Cruise Iceland.
Hafnarvörður gerði grein fyrir fyrirhuguðum fjölda skemmtiferðaskipa í sumar, en á áætlun eru 13 komur, samanborið við 10 komur á síðasta ári. Þá eru bundnar vonir við að þetta samstarf muni leiða til aukningar í framtíðinni.
6. Rannsóknir HAFRÓ á þangi, þara og þörungum í Breiðafirði og frumvarp um öflun sjávarfangs í atvinnuskyni.
Hafnarstjóri greindi frá stöðu mála. Rannsóknirnar verða framkvæmdar á næstu misserum og í framhaldinu verða gefin út vinnsluleysi í takt við niðurstöður rannsókna, að því gefnu að fyrirbyggjandi frumvarp verði að lögum.
7. Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Íris Huld Sig. (Sign)

Atli Rúnar Sigurþórsson (Sign)

Hrannar Pétursson (Sign)

Sturla Böðvarsson (Sign)

Guðmundur Kolbeinn Björnsson (Sign)

Páll Guðmundsson (Sign)

Alex Páll Ólafsson (Sign)